

## F U N D A R G E R Ð

16. september 2020

Fundur stjórnar, haldinn í gegnum TEAMS fjarfundakerfi

Mættir: Eyþóra Hjartardóttir, Karl Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Hrund Hauksdóttir, Eyrún Magnúsdóttir

Fjarverandi: Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir, Illugi Gunnarsson, Magnús Már Guðmundsson, Elfa Þöll Grétarsdóttir,

### 1. Fundur skólaráðs

- a. Haldinn fundur í vikunni. Karl fer yfir helstu atriði fundarins. Rætt var um skólastarfið framundan líkt og venja er og farið yfir dagatal skólaársins. Kvartanir hafa borist frá foreldrum um að nemendum sé ekki hleypt inn í skólann fyrr en 8:30. Jákvæð reynsla af þessu fyrir skólabraginn en ávallt opin fyrir samtali um breytingar. Skólaráðsfulltrúar óskuðu eftir því að skólastjórnendur kynntu þetta betur og ástæður þessa fyrir foreldrum. Nýlega kom upp Covid smit hjá starfsmanni í mötuneyti skólans. Farið aðeins yfir þetta. Engin hætta talin á frekari smitum vegna þessa tilviks í skólanum. Mikill kostnaður hvílir á skólanum vegna flutninganna í KSÍ (rútukostnaður og matarkostnaður). Er í skoðun. Hefur ekki bitnað á undirbúningi eða skólastarfi. Allir árgangar mjög fjölmennir í ár. Húsnæðið í fullri nýtingu og þétt skipulag til að koma öllum fyrir og deila þarf stofum. Búið er að klára framkvæmdir í stofum þar sem rakaskemmdir komu óvænt í ljós nú í haust. Veikindi virðast nú í rénum.

### 2. Aðalfundur

- a. Áætluð dagsetning er 1. október nk.
- b. Reikningar félagsins verða lagðir fram. Unnur gjaldkeri er að leggja lokahönd á þá.
- c. Skýrsla stjórnar er í vinnslu hjá formanni
- d. Félagsgjöld – ekki talin þörf á því að rukka félagsgjöld þetta árið. Nóg til í sjóði og verður staðan kynnt á aðalfundi.
- e. Fundarstjóri –í vinnslu.
- f. Fundarstaður: íþróttahús Fossvogsskóla (ekki verður aðgengi að salerni og nota skal inngang í gegnum búningsklefa).
- g. Framboð í stjórn: Mikilvægt að fá fleiri inn í stjórnina, líkur á að a.mk. þrír stjórnarmenn gefi ekki kost á sér til endurkjörs. Karl stillir upp auglýsingu og sendir á bekkjarfulltrúana. Óska eftir að þeir auglýsi inni á facebook síðum hvers árgangs.

### 4. Dagskrá vetrarins:

Óbreytt áætlun frá síðasta fundi. Höldum ótrauð áfram en þó er óljóst hvað verður hægt að gera í vetur vegna Covid.

## Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

### 5. Önnur mál

*Foreldrarölt* : Stjórn Foreldrafélagsins í Réttó sendi fyrirspurn varðandi foreldrarölt. Óska eftir fundi með fulltrúum stjórnar FFF sem haldinn verður þann 8. okt. nk. Yrði eins og áður, samvinnuverkefni Fossó, Réttó, Breiðó og Bústaða en Hvassó kæmi nýr inn. Eyrún mætir á fundinn. Æskilegt að sem flestir taki þátt í röltinu sjálfu.

*Bústaðir félagsmiðstöð*: lítið í gangi fyrir 5. – 7. bekk (miðstig) í Bústöðum. Æskilegt ef það væri meira skemmtilegt í boði og heppilegri tímar. Ef ekki tekst vel til þá missa börnin áhuga á að sækja félagsmiðstöðina. Málið tekið upp með nýrri stjórn eftir aðalfund.

Næsti fundur stjórnar er aðalfundur FFF 1. október nk.

Fundargerð ritaði EHj.